



Rekstrarstöðvunar- og aukakostnaðartrygging

Skilmáli nr. ER20

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. ER20.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Rekstrarstöðvunartrygging bætir tapaða framlegð vegna tiltekinna tjóna sem stöðva starfsemi tryggðs að hluta eða öllu leyti.

Aukakostnaðartrygging bætir óhjákvæmilegan aukakostnað vegna þess að tryggingarstaður er ónothæfur sökum tiltekinna tjóna.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Innifaldar tryggingar

- 1.1 Tryggingin er viðbót við lausafjártryggingu. Það er því skilyrði bótaskyldu úr rekstrarstöðvunartryggingu (II. kafli) og aukakostnaðartryggingu (III. kafli) að fyrir hendi sé hjá VÍS trygging á lausafé sem bætir það tjón sem olli rekstrarstöðvuninni eða leiddi til aukakostnaðar.
- 1.2 Trygging skv. II. kafla (rekstrarstöðvunartrygging) og III. kafla (aukakostnaðartrygging) er innifalinn ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Bótaþættir sem hvor trygging tekur til koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Tryggingartaki er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Varúðarreglur

- 4.1 Um tryggingu þessa gilda þær varúðarreglur sem fram koma í skilmála lausafjártryggingar EL10.

5. Áhættubreyting

- 5.1 Tryggður skal tilkynna VÍS verði breyting á eðli atvinnurekstrar eða á starfsemi í næsta nágrenni við tryggingarstað. Jafnframt skal tilkynna ef gerðar eru breytingar á húsum þannig að brunaáætla eykst. Vanræksla á þessu getur leitt til þess að VÍS sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.¹

6. Háttsemi annarra

- 6.1 VÍS getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og umsjónarmanna einstakra muna, tækja og fasteigna.

Eingöngu er hægt að kaupa rekstrarstöðvunar- og aukakostnaðartryggingu sem **viðbót við lausafjártryggingu**.

Hægt er að kaupa rekstrarstöðvunartryggingu eða aukakostnaðartryggingu **stakar** eða **báðar** saman.

Mikilvægt er að kynna sér vel þær **varúðarreglur** sem fram koma í skilmála lausafjártryggingar nr. EL10.

¹ Sbr. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



7. Bótatímabil

- 7.1 VÍS greiðir bætur í þann tíma sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun, en þó aldrei fyrir lengra tímabil en fyrirtækið er stöðvað að meira eða minna leyti.
- 7.2 Bótatímabil hefst frá og með þeim degi þegar tjónsatburður átti sér stað, sbr. þó 8. gr.

8. Eigin áhætta

- 8.1 Eigin áhætta í hverju tjóni kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2 Eigin áhætta er biðtími í dögum frá því að tjónsatburður varð nema annað sé tekið fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Biðtími er skilgreindur sem fyrstu dagar bótatímabils og ekki eru greiddar bætur fyrir þann tíma.

II. Rekstrarstöðvunartrygging

9. Hvað bætir tryggingin?

- 9.1 Tryggingin bætir tapaða framlegð tryggðs vegna samdráttar í sölu vöru eða þjónustu af völdum atburðar á tryggingarstað sem bótaskyldur er úr bruna-, vatnstjóns- eða innbrotspjófnaðartryggingu lausafjártryggingar tryggingartaka.

10. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 10.1 Tryggingin bætir ekki:
 - 10.1.1 Aukið rekstrartap sem hlýst af verkbanni, verkfalli, vélarbilun, rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
 - 10.1.2 Aukið rekstrartap sem hlýst af almennum samdrætti í viðkomandi starfsgrein, eða vegna breytinga á markaðsstöðu tryggðs eða sökum fjármagnsskorts hans.
 - 10.1.3 Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

11. Tryggingarfjárhæð

- 11.1 Tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 11.2 Tryggingartaki ákveður sjálfur tryggingarfjárhæð byggða á ársreikningi tryggðs fyrir síðastliðið rekstrarár og/eða eftir atvikum árschlutauppgjöri, auk áætlunar um breytingar á tryggingartímabilinu.
- 11.3 Tryggingarfjárhæð skal nema áætlaðri framlegð tryggðs á tryggingartímabilinu.
 - 11.3.1 Framlegð í skilmála þessum er skilgreind sem rekstrartekjur tryggingartímabilsins án virðisaukaskatts að frádregnu kostnaðarverði seldra vara/þjónustu og hugsanlegum öðrum breytilegum kostnaði.
 - 11.3.2 Kostnaðarverð seldra vara/þjónustu er kostnaður sem tengist vöru eða þjónustu beint og ætla má að falli niður eða dragist saman við rekstrarstöðvun og þarf því ekki að tryggja, t.d. hráefniskaup, pökkun, flutningskostnaður, vinna o.fl.
 - 11.3.3 Annar breytilegur kostnaður er kostnaður sem ætla má að falli niður eða dragist saman við rekstrarstöðvun, t.d. verktaka- eða launakostnaður sem lækkar komi til tjóns.
 - 11.3.4 Áætlun um breytingar á tryggingartímabilinu getur annars vegar byggt á væntri verðlagsþróun á tryggingartímabilinu og hins vegar fyrirséðri breytingu á umsvifum tryggðs rekstrar sem leiða kann til hækkunar eða samdráttar í áætlaðri framlegð.
- 11.4 Tryggingartaki ber ábyrgð á að tryggingarfjárhæð sé í samræmi við áhættu á hverjum tíma.

12. Ákvörðun bóta

- 12.1 Bætur eru aðeins greiddar fyrir það raunverulega tjón sem orðið hefur á bótatímabilinu og aðeins fyrir þann hluta af tjóninu sem eingöngu orsakast af stöðvun þeirri eða samdrætti á rekstrinum sem rekja má til bótaskylds tjóns úr bruna-, vatnstjóns- eða innbrotspjófnaðartryggingu lausafjártryggingar tryggingartaka.
- 12.2 Tjónið nemur mismun á reiknaðri framlegð eins og hún hefði orðið miðað við ótruflaðan rekstur annars vegar og raunverulegri framlegð á bótatímabilinu hins vegar.
- 12.3 Við uppgjör bóta skal tryggður veita VÍS upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og VÍS þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur, s.s. prófjöfnuð og önnur bókhaldsgögn.
- 12.4 Tryggðum er skylt að hafa samvinnu við VÍS um ráðstafanir til að koma í veg fyrir og takmarka áhrif tjónsins, þ.m.t. að leitast við að halda áfram sölu á vöru og þjónustu og segja upp skuldbindingum sem ekki nýtast á meðan rekstrarstöðvun varir.
- 12.5 Bætur geta aldrei orðið hærrí en tryggingarfjárhæð sú sem tilgreind er í skírteini eða

Tryggingartaki ákveður sjálfur tryggingarfjárhæð og ber ábyrgð á að uppfæra hana reglulega.

Framlegð er rekstrartekjur án virðisaukaskatts að frádregnu kostnaðarverði seldra vara/þjónustu og öðrum breytilegum kostnaði

Auk þess er rétt að taka tillit til áætlaðra breytinga s.s. vegna verðlagsþróunar eða breytinga á rekstri.



endurnýjunarkvittun.

- 12.6 Ef útgjöld sparast á bóatímanum lækka bætur að sama skapi, þ.á m. laun sem tryggð er kemst hjá að greiða með því að segja upp starfsfólki.
- 12.7 Greiði VÍS tryggðum fyrir fram hluta af áætluðum bóttum, áður en framlegðartap hefur verið reiknað, dregst slík fyrirframgreiðsla frá endanlegum bóttum.

13. Varanleg rekstrarstöðvun

- 13.1 Sé ekki fyrirhugað að hefja starfsemi tryggðs að nýju miðast bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju, þó aldrei lengur en bóatímabil sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Bætur á þessu tímabili miðast við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað tryggðs en ekki tapaða framlegð.
- 13.2 Hafi reksturinn stöðvast varanlega af orsökum sem tryggður ræður ekki við greiddast bætur samkvæmt gr. 12.2, þó aldrei í lengri tíma en eðlilegt hefði mátt telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju og aldrei lengur en bóatímabil sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

III. Aukakostnaðartrygging

14. Hvað bætir tryggingin?

- 14.1 VÍS greiðir sannanlegan og óhjákvæmilegan aukakostnað, s.s. húsaleigu á bráðabirgða starfsstöð, auglýsingar vegna áhrifa rekstrarstöðvunar og flutningskostnað, sem tryggður verður fyrir á bóatímanum og beinlínis verður rakinn til þess að atvinnuhúsnæði tryggðs verður ekki notað sökum bótaskylds tjóns sem bruna-, vatnstjóns- eða innbrotspjófnadæturtrygging lausafjártryggingar tryggingartaka nær til, á þeim tryggingarstað sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

Eingöngu er bættur **aukinn kostnaður** vegna þess að flytja þarf starfsemi annað í kjölfar bótaskylds tjóns.

15. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 15.1 Tryggingin bætir ekki:
 - 15.1.1 Aukinn kostnað sem tryggður verður fyrir eftir lok bóatímans.
 - 15.1.2 Aukinn kostnað vegna dráttar á því að rekstur hefjist aftur eftir tjón vegna óeðlilegra tafa á viðgerð, vegna stækkunar á húsnæði eða annarra breytinga á fyrri húsnæði.
 - 15.1.3 Aukinn kostnað sem hlýst af verkabanni, verkfalli, vélarbilun, vegna fyriræla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
 - 15.1.4 Aukinn kostnað sem hlýst af almennum samdrætti í viðkomandi starfsgrein, eða tjón vegna breytinga á markaðsstöðu tryggðs eða sökum fjármagnsskorts hans.
 - 15.1.5 Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

16. Tryggingarfjárhæð

- 16.1 Tryggingarfjárhæð er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

17. Ákvörðun bóta

- 17.1 Greiðsla aukakostnaðar er háð fyrir fram samþykki VÍS hverju sinni bæði hvað varðar eðli og umfang útgjalda.
- 17.2 Greiðsla aukakostnaðar er bundin því skilyrði að starfsemi tryggðs hefjist að nýju.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.